

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Hvannavallarreit, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 2. febrúar 2021 deiliskipulag fyrir Hvannavallarreit.

Í deiliskipulaginu felst að heimilt verður að rífa núverandi byggingar á norðurhluta lóðarinnar; að meðfram Glerárgötu verði tvö hús, fjögurra og fimm hæða, samtengd með einnar hæða tengi-byggingum. Heimild verður fyrir tveggja hæða verslunarhús meðfram Tryggvabraut. Austast á lóðinni er gert ráð fyrir verslunarhúsi á einni hæð. Lóðarmörkum er breytt svo rými verði fyrir endurbætta Tryggvabraut og skerðingu lóða til þess að gera ráð fyrir hringtorgi.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 18. febrúar 2021,

Margrét M. Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2021